

**Ed.**

**319. Frumvarp**

til laga um opinbera greinargerð starfsmanna ríkisins.

Flutningsm.: Ingvar Pálmason, Erlingur Friðjónsson.

1. gr.

Skylt er embættismönnum landsins og öðrum sýslunarmönnum að flytja árlega í útvarp ríkisins að minnsta kosti tvö fræðandi erindi um stofnun þá eða starfsgrein, er þeir veita forstöðu.

Lengd erindanna miðast við 20 mínútur og skulu þau miða til þess að veita almenningi yfirlitsfræðslu um unnin störf og fyrirætlanir í framkvæmdum þjóðarinnar og opinberri starfrækslu.

2. gr.

Fyrir 1. október ár hvert semur útvarpsráðið skrá yfir þau erindi, er það óskar, að flutt verði samkvæmt lögum þessum í útvarpið á næsta dagskrárári. Skylt er útvarpsráði að tilkynna, með að minnsta kosti tveggja vikna fyrirvara, þeim, sem erindi eiga að flytja, dag og stund, er erindið skal flutt.

3. gr.

Nú óskar útvarpsráðið eftir því, að fengnu samþykki atvinnumálaráðherra, að embættis- eða sýslunarmaður landsins taki sér ferð á hendur til þess að flytja í útvarpið opinbera greinargerð samkvæmt lögum þessum. Fær hann

Þá greiddan ferðakostnað úr ríkissjóði samkvæmt reikningi, er atvinnumálaráðherra úrskurðar.

#### 4. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

### Greinargerð.

Flestum embættismönnum ríkisins og öðrum sýslunarmönnum er nú gert að skyldu að gera grein, reikningslega eða annarsháttar, fyrir starfrækslu sinni, ýmist til hagstofu ríkisins eða beint til landsstjórnarinnar. Frumvarp þetta miðar til þess, að þessi sjálfsagða greinargerð starfsmanna landsins nái jafnframt til allrar þjóðarinnar, eftir því sem við verður komið, jafnharðan gegnum útvarpið.

Fátt mun almenningi í landinu vera hugleiknara en að fá á hverjum tíma glögg skil þjóðframkvæmdanna, hvort heldur eru þegar unnin störf eða fyrirhugaðar framkvæmdir. Það virðist því ekki einungis vera sanngjarnt, heldur bein skylda þings og stjórnar að hlutast til um það, að embættismenn og sýslunarmenn þeir, er þjóðin felur mikilsverð störf, geri henni við og við sjálfir grein fyrir því, hvernig þeir rækja störf sín og fara með umboð það, er þjóðin hefir veitt þeim.

Jafnframt má benda á nokkrar likur fyrir því, að slík opinber greinargerð í útvarpið, þar sem þjóðin öll legði við hlustirnar, yrði hverjum nýtum starfsmanni hvatning til hugkvæmdar, nýtilegra athafna og samvirkusamlegrar starfrækslu embættis síns eða sýslunar.

Rétt þykir að fara nokkrum orðum um einstakar greinar frumvarpsins.

#### Um 1. gr.

Gera má ráð fyrir, að jafnaðarlega yrði óskað eftir aðeins einu yfirlits-erindi frá starfsmanni hverjum. Þykir þó rétt að gera ráð fyrir tveimur, ef starfsgrein eða embætti er svo umfangsmikið, að ekki nægi eitt erindi til greinargerðar. Lengd erindanna er miðuð við núverandi lengd útvarpserinda samkvæmt dagskrá útvarpsins.

#### Um 2. gr.

Rétt þykir að fela útvarpsráðinu að gera fyrirfram ár hvert skrá yfir þá fyrirlestra, er það óskar, að fluttir verði samkvæmt þessum lögum, og fela því að öðru leyti framkvæmd málsins. Yrði slík skrá meðal þeirra frumdraga, er útvarpsráðið gerir til undirbúnings dagskrárvinnu, og myndu yfirlitserindi þessi falla inn í hina almennu dagskrá útvarpsins.

#### Um 3. gr.

Langflestir embættis- og sýslunarmenn landsins eru búsettir í Reykjavík. Rétt þykir þó að gera ráð fyrir því, að einstöku sinnum gæti það komið fyrir, að embættismaður taki sér ferð á hendur í þessu skyni samkvæmt óskum útvarpsráðsins, að fengnu samþykki atvinnumálaráðherra. Þykir sanngjarnt, að sá maður fái greiddan kostnað við slíka för.